

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Fagradalsbleikja ehf. Fagradal, Vík



Dags eftirlits	10.4.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Fagradalsbleikja ehf.	Eftirlitsmaður	
Heimili	Fagradal	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	490689-2149	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jónas Erlendsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	63.429866 -18.914439

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram í eftirlitini: 1) Ársyfirliti fyrir árið 2023 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2024. Því var skilað inn 18. desember 2024 og telst því frávíkinu lokað. 2) Grænu bókhaldi fyrir árið 2023 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2024. Því var skilað inn 7. janúar 2025 og telst því frávíkinu lokað.

Ábendingar.

Engar ábendingar.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Starfsleyfið tekur til landeldis á bleikju í Fagradalsbleikju ehf, sem staðsett er austan Vík í Mýrdal. Hámark lífmassa á hverjum tíma má ekki fara yfir 20 tonn vegna matfiskeldis. Ef stöðin verður notuð til seiðaeldis þá má hámarks lífmassi ekki fara yfir 1 tonn eða 10.000 seiði á hverjum tíma.

Boðað umfang eftirlitsins var:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Áhættumat til ákvörðunar á tiðni eftirlitsferða
3. Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
4. Eftirlitsmælingar og skráningar
5. Áætlanir og viðbrögð
6. Umgengni og aðkoma lóðar
7. Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
8. Gögn sem fylgdu fundarboði

1. Eitt frávik kom fram í síðasta eftirliti árið 2023. Taka skal sýni og mæla efni í vatnsinntaki stöðvarinnar og útrás frárennslis. Niðurstöðum mælinga skal skila til eftirlitsaðila tvísvar á ári. Niðurstöður skiliðu sér 8. ágúst 2023 og er frávíkinu því lokað. Ein ábending var gerð í eftirlitinu er varðar geymslu á hættulegum efnum. Það vantaði lekabyttur undir efnin. Lekabyttur eru komnar undir efnin.

2. Áhættumat fyrir árið 2025 var kynnt fyrir fulltrúum rekstraraðila.

3. Rekstraraðili hefur sett sér umhverfismarkmið. Ársyfirliti og grænu bókhaldi fyrir árið 2024 var skilað inn fyrir 1. maí sl. Ársyfirliti fyrir árið 2023 var skilað inn þann 18. desember 2024, og er því um frávik að ræða. Skv gr. 4.4. í starfsleyfi skal rekstraraðili taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Fráviki er lokað. Grænu bókhaldi fyrir árið 2023 var skilað inn 7. janúar 2025, og er því um frávik að ræða. Skv. gr. 4.5. í starfsleyfi skal rekstraraðili skila inn árlegum umhverfisupplýsingum fyrir 1. maí. Frávíkinu er lokað. Fagradalsbleikja tók vatnssýni árið 2023 og er næsta sýnataka eftir 3 ár. Framleiðsla fyrir árið 2023 var 5,5 tonn af bleikjuseiðum og var því framleiðslan undir leyfilegum hámarks lífmassa. Fóðurnotkun árið 2023 var 5,22 tonn, fóðurstuðullinn var því 1,05. Framleiðsla fyrir árið 2024 var 5,5 tonn af bleikjuseiðum og var því framleiðslan undir leyfilegum hámarks lífmassa. Fóðurnotkun árið 2024 var 4,74 tonn, fóðurstuðullinn var því 0,95.

4. Niðurstaða útreikninga á heildarlosun fosfórs út frá fóðri fyrir árið 2023 var 6,9 kg P/tonn sem er undir leyfilegum mörkum samkvæmt gr 3.4. í starfsleyfi. Niðurstaða útreikninga á heildarlosun köfnunarefnis var 43,8 kg N/tonn sem er undir leyfilegum mörkum samkvæmt gr. 3.4. í starfsleyfinu.

Niðurstaða útreikninga á heildarlosun fosfórs út frá fóðri fyrir árið 2024 var 6,9 kg P/tonn og útreikningar fyrir köfnunarefni var 37,5 kg N/tonn sem er undir leyfilegum mörkum samkvæmt gr. 3.4. í starfsleyfinu sem eru 7,0 kg P/tonn og 60 kg N/tonn.

5. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar sem og neyðaráætlun vegna tímabundinnar eða varanlegrar stöðvunar reksturs er til staðar. Áætlun um meðhöndlun úrgangs er til staðar.

6. Útisvæðið er snyrtilegt, fiskur í tveimur kerjum úti og í nokkrum kerjum inni. Engir ólugeymar eru í fiskeldinu né annar staðar í Fagradal. Allt vatn er sjálfrenndi og því eru varaaflstöðvar óþarf. Rafmagn er framleitt á staðnum með heimavatnsafslssstöð og vatn frá vatnsaflstöðinni er síðan tekið inn í fiskeldið. Einungis er alin bleikja til slátrunar og vinnslu í Fagradal. Um 1,5-2 lítrar af hrognum eru keypt frá Hólaskóla árlega. Allur fiskur er handfóðraður. Umgengi er góð.

7. Lekabyttur eru undir efnum.

8. Með fundarboðinu fylgdu kynning á skrifborðseftirliti og olíuskiljum.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr 4.4 í starfsleyfi.	Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Umhverfis- og orkustofnun barst ársyfirlit fyrir árið 2023, 18. desember 2024 og telst því fráviki lokað.
gr 4.5 í starfsleyfi.	Rekstraraðili skal taka saman grænt bókhald og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Umhverfis- og orkustofnun barst ársyfirlit fyrir árið 2023, 7. janúar 2025 og telst því fráviki lokað.

## ÁBENDINGAR

Engar ábendingar.

## ANNAÐ

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram. Rekstraraðili var minntur á að taka vatnssýni á næsta ári 2026, þar sem sýnatakan er á 3 hverju ári.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í págu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 08.05.2025

Auður Eyberg Helgadóttir